

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

**Efni:** Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um fjölda mála þar sem foreldrar tilkynna sjálfa sig til Barnaverndar Reykjavíkur

Þann 24. maí 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um fjölda mála þar sem foreldrar tilkynna sig sjálfa til Barnaverndar Reykjavíkur:

Óskað er upplýsinga um fjölgun þeirra mála sem eru tilkynnt til Barnaverndar af foreldrum sjálfum þar sem þeir tilkynna sig og barn sitt. Óskað er eftir upplýsingum um fjölda þessara mála sl. 6 ár. Einnig er óskað upplýsinga hvað mörg þessara mála voru metin að þyrfti að fara í könnun og hvað mörg af þeim urðu barnaverndarmál í kjölfarið. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hversu mikil fjölgun hefur verið á tilkynningum frá skólum/foreldrum um einelti barns til Barnaverndar. Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum síðastliðin 6 ár.

### Svar:

Töflurnar hér fyrir neðan sýna tölur yfir tilkynningar til Barnaverndar þar sem foreldri er tilkynnandi. Um er að ræða upplýsingar um fjölda tilkynninga (tafla 1), fjölda barna sem tilkynningarnar varða (tafla 2), fjölda barna þar af, þar sem ákveðið er að hefja könnun eða könnun þegar í gangi (tafla 3) og þar af fjölda barna þar sem ákveðið er að hefja nýja könnun (tafla 4). Upplýsingarnar ná til árána 2017-2022 og janúar-apríl 2023 og greint er á milli hvort um er að ræða foreldri með forsjá eða ekki með forsjá.

#### TAFLA 1

Fjöldi tilkynninga

| Tilkynnandi                       | Ár         |            |            |            |            |            |              |              |
|-----------------------------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|--------------|--------------|
|                                   | 2017       | 2018       | 2019       | 2020       | 2021       | 2022       | jan-apr 2023 | Samtals      |
| Foreldrar barns - ekki með forsjá | 41         | 34         | 36         | 37         | 62         | 38         | 10           | 258          |
| Foreldrar barns - með forsjá      | 279        | 304        | 289        | 336        | 309        | 337        | 127          | 1.981        |
| <b>Samtals</b>                    | <b>320</b> | <b>338</b> | <b>325</b> | <b>373</b> | <b>371</b> | <b>375</b> | <b>137</b>   | <b>2.239</b> |

#### TAFLA 2

Fjöldi barna

| Tilkynnandi                       | Ár         |            |            |            |            |            |              |              |
|-----------------------------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|--------------|--------------|
|                                   | 2017       | 2018       | 2019       | 2020       | 2021       | 2022       | jan-apr 2023 | Samtals      |
| Foreldrar barns - ekki með forsjá | 33         | 31         | 31         | 33         | 43         | 34         | 9            | 181          |
| Foreldrar barns - með forsjá      | 193        | 203        | 189        | 242        | 240        | 229        | 108          | 1.090        |
| <b>Samtals*</b>                   | <b>218</b> | <b>229</b> | <b>215</b> | <b>270</b> | <b>275</b> | <b>255</b> | <b>115</b>   | <b>1.203</b> |

\*Tekið er tillit til skörunar ef tilkynning barst bæði frá foreldri með forsjá og foreldri ekki með forsjá



TAFLA 3

Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)

| Tilkynnandi                       | Ár         |            |            |            |            |            |              | Samtals    |
|-----------------------------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|--------------|------------|
|                                   | 2017       | 2018       | 2019       | 2020       | 2021       | 2022       | jan-apr 2023 |            |
| Foreldrar barns - ekki með forsjá | 28         | 19         | 25         | 26         | 27         | 20         | 5            | 134        |
| Foreldrar barns - með forsjá      | 153        | 176        | 141        | 174        | 182        | 138        | 62           | 805        |
| <b>Samtals*</b>                   | <b>176</b> | <b>191</b> | <b>162</b> | <b>196</b> | <b>205</b> | <b>155</b> | <b>65</b>    | <b>894</b> |

\*Tekið er tillit til skörunar ef tilkynning barst bæði frá foreldri með forsjá og foreldri ekki með forsjá

TAFLA 4

Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja nýja könnun. (Meðtalið í töflu 3)

| Tilkynnandi                       | Ár        |           |           |           |            |           |              | Samtals    |
|-----------------------------------|-----------|-----------|-----------|-----------|------------|-----------|--------------|------------|
|                                   | 2017      | 2018      | 2019      | 2020      | 2021       | 2022      | jan-apr 2023 |            |
| Foreldrar barns - ekki með forsjá | 11        | 4         | 4         | 4         | 9          | 11        | 0            | 42         |
| Foreldrar barns - með forsjá      | 80        | 76        | 64        | 75        | 91         | 60        | 19           | 429        |
| <b>Samtals*</b>                   | <b>91</b> | <b>80</b> | <b>68</b> | <b>79</b> | <b>100</b> | <b>71</b> | <b>19</b>    | <b>469</b> |

\*Tekið er tillit til skörunar ef tilkynning barst bæði frá foreldri með forsjá og foreldri ekki með forsjá

Varðandi tilkynningar til Barnaverndar um einelti barns þá eru tilkynningar frá skólum ekki flokkaðar eftir því hvort tilkynnt er um einelti. Þær upplýsingar liggja því ekki fyrir.